

## Úrskurður nr. 15/2008

**Kærð er endurákvörðun tollstjóra vegna tollflokunar á loftpúðum. Endurákvörðunin tekur til þriggja vörusendinga. Ríkistollanefnd féllst ekki á hina breyttu tollflokkun tollstjóra en staðfesti úrskurð hans að hluta.**

Með bréfi, dags. 17. nóvember 2008, sem barst til nefndarinnar 18. s.m., kærir L., fyrir hönd A., úrskurð Tollstjóra nr. 45/2008 frá 24. september 2008, um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna breytinga á tollflokkun á loftpúðum til ökutækja og tengivagna. Kærandi krefst þess að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfi, dags. 1. september 2008, hafi fyrirtækinu verið tilkynnt að til þess gæti komið að embættið endurákvæði aðflutningsgjöld af neðangreindum sendingum sem það hafði fengið tollafgreiddar:

Sendingarnúmer	Tollafgreiðsludagur:
<b>E BRU 07 10 2 GB IMM W046</b>	<b>09.10.2002</b>
<b>M ESE 02 12 2 NL RTM C047</b>	<b>09.12.2002</b>
<b>E BRU 02 12 2 GB IMM W013</b>	<b>09.12.2002</b>

Fyrirhuguð endurákvörðun byggðist á eftirfarandi athugasemdum við ofantaldar sendingar:

### **E BRU 07 10 2 GB IMM W046**

Tollflokkun röng á loftpúðum úr gúmmí í fjaðrakerfi tengivagna (Air Spring) í tollskránnúmer 4016-9911 skv. meðfylgjandi reikningi frá Multipart Universal nr. KE10167728, dags. 25.09.2002, að upphæð GBP 5.989,54.

Tollskránnúmer 4016-9911 er samkvæmt tollskrá:

**4016 „ Aðrar vörur úr vúlkaníseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí“:**  
**4016-9911 --- Vörur sem almennt eru notaðar í vélbúnaði eða verksmiðjum.**

Rétt tollflokkun að mati endurskoðunardeildar embættisins er tollskránnúmer **4016-9925** sbr. túlkunarreglur nr 1 og 6 við tollskrá.

Tollskránnúmer 4016-9925 er samkvæmt tollskrá:

**4016 „ Aðrar vörur úr vúlkaníseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí“:**  
**4016-9925 --- Til ökutækja**

Skv. túlkunarreglu nr 1 við tollskrá eru fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgja meðal annars 6. túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

### **FOB – verð vöru er GBP 1.153.00.**

Gjaldamunur: Á tollskránnúmeri **4016-9911** hvílir 24,5% virðisaukaskattur.

Á tollskránnúmeri **4016-9925** hvílir hins vegar 24,5% virðisaukaskattur, A – tollur 7,5% og XC – Vörugjald 15%.

Að mati embættisins hefur fyrirtækið einnig í ofangreindri sendingu að hluta til ranglega nýtt sér tollfríðindameðferð fyrir Bretland (GB), sbr. reit nr. 14 á aðflutningskýrslu. Tollfríðindameðferð þessi

felur í sér 0% E – toll. Til að heimilt sé að nýta sér tollfríðindameðferð sem þessa þarf að sýna fram á að vara sé upprunnin í Bretlandi með yfirlýsingu á vörureikningi eða með útgáfu EUR.1. skírteinis þar sem þess er getið að umrædd vara sé upprunnin í Bretlandi.

**Twistlock assembly að upphæð GBP 348,00 í tollskrárnúmer 8716-9009.**

Á vörureikningi kemur greinilega fram að varan sé ekki upprunavara (\*\* Non EU) en samt var notaður E – tollur við afgreiðslu. Greiða ber því A – toll 10% af þessari vöru.

Um reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga sem og skilyrði fyrir notkun tollfríðindameðferðar vísast til kaflans Reglur um útgáfu EUR. 1. flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikningum.

**M ESE 02 12 2 NL RTM C047**

Tollflokkun röng á loftpúðum úr gúmmí í fjaðrakerfi tengivagna (Air Spring) í tollskrárnúmer 4016-9911 skv. meðfylgjandi reikningum frá Goodyear nr. 0092236332, dags, 18.11.2002, að upphæð EUR 2.294,76 og reikningi nr. 0092236331, dags, 18.11.2002, að upphæð EUR 8.826,44.

Tollskrárnúmer 4016-9911 er samkvæmt tollskrá :

**4016 „ Aðrar vörur úr vúlkaníseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí“:**  
**4016-9911 --- Vörur sem almennt eru notaðar í vélbúnaði eða verksmiðjum.**

Rétt tollflokkun að mati endurskoðunardeildar embættisins er tollskrárnúmer **4016-9925** sbr. túlkunarreglur nr 1 og 6 við tollskrá.

Tollskrárnúmer 4016-9925 er samkvæmt tollskrá:

**4016 „ Aðrar vörur úr vúlkaníseruðu gúmmí, þó ekki harðgúmmí“:**  
**4016-9925 --- Til ökutækja**

Skv. túlkunarreglu nr 1 við tollskrá eru fyrrsagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgja meðal annars 6. túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

**FOB – verð vöru er EUR 11.121,20.**

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **4016-9911** hvílir 24,5% virðisaukaskattur

Á tollskrárnúmeri **4016-9925** hvílir hins vegar 24,5% virðisaukaskattur A – tollur 7,5% og XC – Vörugjald 15%.

Einnig er uppruni vöru ranglega skráður á aðflutningsskýrslu. Samkv. því kemur öll varan frá Slóveníu (SI). Samkv. reikningi nr 0092236332, dags, 18.11.2002, að upphæð EUR 2.294,76 kemur greinilega fram að varan á þeim reikningi sé frá Mexíko (EUR 1.159,56) og Brasilíu (EUR 1.135,20). Ekki er því möguleiki á fríðindameðferð á þeirri vöru. Greiða ber því A – toll 7,5% af vörunni.

Einnig þarf að greiða A – toll 7,5% af vöru á reikningi nr. 0092236331 frá Goodyear Slóveníu, dags, 18.11.2002, að upphæð EUR 8.826,44. Fríverslunarsamningur milli Íslands og Slóveníu tók ekki gildi fyrr en 1. maí 2004.

Um reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga sem og skilyrði fyrir notkun tollfríðindameðferðar vísast til kaflans Reglur um útgáfu EUR. 1. flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikningum.

**E BRU 02 12 2 GB IMM W013**

Tollflokkun röng á loftpúðum úr gúmmíi í fjaðrakerfi tengivagna (Air Spring) í tollskrárnúmer 4016-9911 skv. meðfylgjandi reikningi frá Multipart Universal nr. KE101677408, dags, 20.11.2002, að upphæð GBP 9.890,18.

Tollskrárnúmer 4016-9911 er samkvæmt tollskrá:

**4016 „ Aðrar vörur úr vúlkaníseruðu gúmmíi, þó ekki harðgúmmíi“:**

**4016-9911 --- Vörur sem almennt eru notaðar í vélbúnaði eða verksmiðjum.**

Rétt tollflokkun að mati endurskoðunardeildar embættisins er tollskrárnúmer **4016-9925** sbr. túlkunarreglur nr 1 og 6 við tollskrá.

Tollskrárnúmer 4016-9925 er samkvæmt tollskrá

**4016 „ Aðrar vörur úr vúlkaníseruðu gúmmíi, þó ekki harðgúmmíi“:**

**4016-9925 --- Til ökutækja**

Skv. túlkunarreglu nr 1 við tollskrá eru fyrisagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgja meðal annars 6. túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

**FOB – verð vöru er GBP 1.422,00.**

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri **4016-9911** hvílir 24,5% virðisaukaskattur.

Á tollskrárnúmeri **4016-9925** hvílir hins vegar 24,5% virðisaukaskattur, A – tollur 7,5% og XC – Vörugjald 15%.

**Reglur um útgáfu EUR. 1. flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikningum**

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikningum eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. lög nr 2/1993 um Evrópska Efnahagssvæðið. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn skal yfirlýsing á vörureikningi gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðilinn eða annað viðskiptaskjal *yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðauka* og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðauka í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Ef yfirlýsingin er handskrifuð skal skrifa með bleki og með prentstöfum. Í 7. mgr. sömu greinar segir að yfirlýsing á vörureikningi skuli vera undirrituð af útflytjanda eigin hendi. Þess skal þó ekki krafist af viðurkenndum útflytjanda í skilningi 22. gr. að hann undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu að hann afhendi tollayfirvöldum í útflutningslandinu skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni á vörureikningnum eins og hann hafi undirritað hana með eigin hendi.

Í IV. viðauka við bókun 4 við EES – samninginn er að finna þann texta sem fram á að koma á yfirlýsingu á vörureikningi. Kemur þar jafnframt fram að upprunayfirlýsingin skuli vera dagsett, undirrituð af útflytjanda eigin hendi og geta skal útgáfustaðar. Einnig skal *nafn þess sem undirritar vera vélritað, prentað eða stimplað undir yfirlýsingunni*. Í bókun 4 við EES samninginn 4 tl. IV viðauka en þar segir m.a. : *“Einnig þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum”*.

Þá er skilyrði fyrir notkun tollfríðindameðferðar það samkvæmt 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. lög nr. 13/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, að EUR yfirlýsingin sé gefin út af *viðurkenndum útflytjanda í skilningi 22. gr.* eða af útflytjanda vörusendingar sem samanstendur af einum eða fleiri pökkum sem innihalda upprunavörur að *heildarverðmæti sem ekki er meira en 6.000 evrur*.

Gefinn var frestur til 16. september 2008 til andmæla og framlagningar gagna eftir því sem við gæti átt.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að þann 15. september 2008 hafi borist skrifleg andmæli frá innflytjanda, dags. 11. september 2008. Þar er fyrirhugaðri endurákvörðun mótmælt að hluta til og lagt til að varan eigi að fara í tollskrárnúmer tnr. 4016.9925, 8716.9009 og 8708.9900. Einnig hafi fyrirtækið sent inn myndir af fjórum mismunandi loftpúðum. Lagt sé til að loftpúðar úr gúmmíi fari í tollskrárnúmer tnr. 4016.9925, loftpúði úr gúmmíi og jární í vagna fari í tnr. 8716.9009, loftpúði úr gúmmíi og jární í vörubíla fari í tnr. 8708.9900 og "harmoniku" loftpúði úr gúmmíi og jární í ekki vélknúna vagna fari í tollskrárnúmer tnr. 8716.9009. Þá sé sett fram ósk um skýringar á því af hverju vara úr gúmmíi og jární eiga að flokkast undir vöru úr gúmmíi.

Tollstjóri svarar því til að umrædd vara sé úr gúmmíi til ökutækja. Járníð sé aðeins til festingar á hlutum. Hinn vinnandi hluti, gúmmíið, stýrir flokkuninni í tollskrárnúmer 4016-9925. Einnig er vísað til túlkunarreglna nr. 1 og 6 við tollskrá. Þá er bent á að umræddri vöru sé frávísað úr flokki nr. XVII við tollskrá og því koma tollskrárnúmer 8708-9900 og 8716-9009 ekki til greina:

*2. Sem hlutar og hlutar og fylgihlutir teljast ekki neðangreindar vörur, þótt þær séu auglýsingalega fyrir vörur í þessum flokki:*

*a. Tengi, skinnur eða þess háttar úr hvers konar efni (flokkast eftir efni eða í nr. 8484) eða aðrar vörur úr vúlkaníseruðu gúmmíi öðru en harðgúmmíi (nr 4016).*

Með hliðsjón af því sem rakið er hér að framan og þeim rökum er fram koma í fyrirhuguðum úrskurði tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda þykir ekki tilefni til að fallast á andmæli forsvarsmanna fyrirtækisins. Boðaðar breytingar koma því til framkvæmda með úrskurði þessum.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að aðflutningsgjöld af ofantöldum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Því hafi verið ákveðið að endurákvörða aðflutningsgjöld af þeim í samræmi við 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 þar sem ofangreindar sendingar hafi verið tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006 en þá tóku gildi ný tollalög nr. 88/2005.

Eindagi viðbótarfjárhæðar þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð sé tollafgreiðsludagur vörusendingar, sbr. 2. mgr. 108. gr. tollalaga nr 55/1987. Um dráttarvexti fari skv. 3. mgr. 108. gr. tollalaga 55/1987, en þar kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Samtals eru endurákvörðuð aðflutningsgjöld af þessum þremur sendingum kr. 739.632,00

Í kærinni segir m.a. að í hinum kærða úrskurði tollstjóra séu gjöld endurákvörðuð af þremur sendingum sem tollafgreiddar voru á árinu 2002. Um sé að ræða loftpúða sem ætlaðir séu til notkunar í vörubifreiðar og tengivagna. Loftpúðarnir séu ýmist alfarið úr gúmmíi eða úr gúmmíi og málmí. Þessi vara hafi um árabíl verið flutt inn og tollafgreidd í tnr. 4016.9911 án sérstakra athugasemda. Þá segir að ekki sé gerð athugasemd við leiðréttingu vegna upprunalds í hinum kærða úrskurði þar hafi verið um mannleg mistök að ræða.

Kærandi mótmælir tveimur af þremur þáttum í hinum kærða úrskurði. Þ.e. hann fellst á að loftpúðar sem eingöngu séu úr gúmmíi fari í tnr. 4016.9925 en hins vegar telur hann að loftpúðar sem eru samsettir úr gúmmíi og málmí eigi að tollflokkast eftirfarandi:

1. Loftpúði úr jární og gúmmíi sem ætlaður er í ákveðinn vagn (ekki vélknúinn) flokkist í tnr. 8716.9009.
2. Loftpúðar úr gúmmíi og jární ætlaðir í vörubifreiðar tollflokkist í tnr. 8708.9900.

Kærandi vísar til þess sem fordæmis að hjólbarðar á felgu séu tollflokkaðir í ökutækjaflokk, þ.e. í tnr. 8708. en ekki sem vara úr gúmmíi, þ.e. í tnr. 4016. eins og hjólbarðar einir og sér. Með vísan til þessa sé sú skýring sem gefin sé í hinum kærða úrskurði ekki rökrétt þar sem staðfest sé að gúmmíið sé hinn vinnandi hluti og málmurinn sé aðeins til festingar og það eigi að ráða tollflokkun vörunnar. Þetta sé augljóst sé horft til flokkunar á hjólbörðum með og án felgu.

Þá segir í kærinni að kærandi sé umboðsaðili fyrir BPW sem sé einn stærsti framleiðandi þessarar vöru í heiminum. Framleiðandi vörunnar haldi því fram að samsettur loftpúði úr járni og gúmmíi tollflokkest í tnr. 8716.9090. Fyrirtæki þetta framleiði mikið magn loftpúða og hafi enga hagsmuni af því að snúa út úr tollskrá.

Með vísan til sérfræðilits hins erlenda framleiðanda og þess hvernig tollmeðferð er háttað á hjólbörðum með og án felgu er þess krafist að loftpúðar alfarið úr gúmmíi tollflokkest í tnr. 4016.9925 og loftpúðar samsettir úr gúmmíi og járni tollflokkest í tnr. 8708.9900. Kærandi bendir á að hlutverk loftpúðans sé m.a. það að halda/festa öxulinn við annan búnað vagns/bifreiðar.

Þá er þess krafist að dráttarvextir verði felldir niður og ekki reiknaðir fyrr en þá frá og með úrskurði ríkistollanefndar. Bent er á í þessu sambandi að núverandi eigendur fyrirtækisins hafi keypt og tekið við rekstri þess 2005/2006. Því sé verið að krefja þá um gjöld sem urðu til löngu fyrir þeirra eignarhald á fyrirtækinu, þeir hafi verið í góðri trú þegar þeir tóku við því og hafi ekki vitað til annars en að full sátt væri um innflutning og tollafgreiðslumál fyrirtækisins.

Tollstjóra var send kæran til umsagnar, sbr. 4. mgr. 118 gr. tollalaga nr. 88/2005 með bréfi þann 20. nóvember 2008. Í svari tollstjóra sem barst nefndinni þann 19. desember segir m.a. að kærandi haldi því fram að rangt sé í úrskurði tollstjórans að gúmmíið í loftpúðanum sé hinn vinnandi hluti af honum en ekki málmfestingarnar á honum. Því sé haldið fram af kæranda að megingilgangur loftpúðans sé m.a. að halda öxli bifreiðar/tengivagns áföstum við annan búnað hans og því sé hægt að álykta sem svo að málmfestingarnar séu hinn vinnandi hluti en ekki gúmmíið sjálft.

Tollstjóri fellst því ekki á þau rök kæranda að hlutverk loftpúðans sé að halda saman öxli og öðrum búnaði vörubifreiðarinnar/tengivagnsins. Hann bendir á að samkvæmt upplýsingum af vefsíðu framleiðslufyrirtækis loftpúðanna BPW, sé loftpúðinn aðeins lítill hluti alls fjöðrunarkerfis bifreiðanna/tengivagnanna og hlutverk hans er að auka mýkt og endingu fjöðrunarinnar og gefa möguleika á því að hækka og lækka bifreiðina/tengivagninn eftir þörfum. Gúmmíið gefi mýkt og sveigjanleika og sé stærsti þáttur í verkun loftpúðans en loftpúðinn haldi á engan hátt öxli bifreiðarinnar/tengivagnsins við annan útbúnað hans. Á loftpúðanum séu festingar til að festa loftpúðann við fjöðrunarkerfið og inni í honum sé kerfi til að dæla lofti í og úr honum eftir þörfum. Það sé eini tilgangur þess málmfests sem í loftpúðanum sé, þ.e. að festa púðann við fjöðrunarkerfið og dæla lofti í og úr honum.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að kærandi haldi því fram að loftpúðar með áföstu járni uppi og niðri til ísetninga með boltum og róm sem sérstaklega eru framleiddir í ákveðinn vagn (ekki vélknúinn) falli í tollflokk nr. 8716.9009 og að loftpúðar með áföstu járni sem ætlaðir séu í vörubíla falli í tollflokk nr. 8708.9900. Ofangreind tollnúmer falla undir flokk XVII og í þeim flokki er í 2. athugasemd a lið frávísað „tengi, skinnur eða þess háttar úr hvers konar efni (flokkast eftir efni eða í nr. 8484) eða aðrar vörur úr vúlkaniseruðu gúmmíi eða öðru en harðgúmmíi (nr. 4016).“ Samkvæmt reglu 3 b um túlkun tollskrárinnar skal þegar um er að ræða blöndu, samsettar vörur úr ýmsum efnum eða hlutum svo og vörusamstæður flokka þær eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir vörunnar. Ofangreindir loftpúðar séu að mestu leyti úr vúlkaniseruðu gúmmíi og er það stærsti eiginleiki þeirra að veita þannig fjöðrun og mýkt. Þegar litið sé til ofangreinds er ljóst að tollflokkun er rétt í hinum kærða úrskurði.

Varðandi álit frá BPW, sem er í framlögðum gögnum frá kæranda, vísar framleiðandinn til þess að samsettur loftpúði eigi að tollflokkest í 8716.9090 það tollnúmer er ekki í hinni íslensku tollskrá. Færa skal vöru til tollflokks samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar en tollskráin er birt í viðauka I við tollalög nr. 88/2005 og er gerð í samræmi við vörunúmeraskrá Alþjóðatollstofnunarinnar. Meginreglan er sú að tollflokkun skal byggð á orðalagi vöruliða og athugasemda við viðeigandi kafla og flokka. Því er ekki hægt að styðjast við upplýsingar úr tölvupósti framleiðanda sem vísar í tollnúmer sem ekki er í hinni íslensku tollskrá heldur ber að fara eftir ofangreindum lögum og reglum við tollflokkun vara.

Þá segir að fyrrnefndar sendingar hafi verið tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006 og því gildi tollalög nr. 55/1987 um endurákvörðun aðflutningsgjalda og dráttarvexti. Varðandi andmæli kæranda á

dráttarvöxtum sem lagðir voru á í umræddum úrskurðum þá kemur fram í 3. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987 að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga, sem er tollafgreiðsludagur. Tollstjóri krefst þess að hinn kærði úrskurður nr. 45/2008 verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send umbjóðanda kæranda til umsagnar með bréfi þann 13. desember 2008. Í svari hans sem móttékið var hjá nefndinni þann 19. janúar 2009 segir m.a. að í fyrsta lagi sé lögð áhersla á það að hinn tilvitnaði tollflokkur sem hinn erlendi framleiðandi vísi til sé að stofni til í íslensku tollskránni, þ.e. nr 8716. eða grunnflokkurinn. Þó öll undirnumur þess flokks hafi ekki verið tekin upp í þá íslensku er nærtækast að finna undirnumur í þeim grunnflokki.

Í öðru lagi bendir kærandi á að fulltrúi Tollstjóra, sem m.a. hafi kennt tollflokkun vöru á námskeiðun, hafi komið til innflytjanda og skoðað þessa vöru og komist að þeirri niðurstöðu að loftpúðar sem ætlaðir séu í vagna skuli tollflokkast í tnr. 8716.9009. Eftir að þessi fulltrúi tollstjóra hafi látið í ljós þessa skoðun hafi honum verið haldið frá málinu. Kæran byggir hins vegar á hans niðurstöðu. Að öðru leyti vísast til kæru, dags. 17. nóvember s.l og framlagðra fylgigagna.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Þá skoðuðu nefndarmenn bifreið og vagn sem útbúnir eru með þessum búnaði.

Tollstjóri telur í rökstuðningi sínum fyrir hinni breyttu tollflokkun að hinn virki þáttur í loftpúðanum, þ.e. gúmmíð sé það viðamikill að það stjórni tollflokkun vörunnar í 40. kafla tollskár. Hann telur að sá hluti hans sem er úr jární sé einungis til festingar og stýringar og til að dæla lofti í og úr honum.

Kærandi heldur því fram að loftpúðar úr jární og gúmmí sem ætlaðir eru í vörubifreiðar skuli flokkast í tnr. 8708.9900 en loftpúðar ætlaðir í ákveðinn vagn flokkist í tnr. 8916.9009, en loftpúðar sem eingöngu séu úr gúmmí fari í tnr. 4016.9925.

Eins og fram kemur í máli þessu er deilt um tollflokkun á loftpúðum sem notaðir eru til ýmissa véla og tækja, m.a. til fjörunar í ýmsum gerðum ökutækja og vagna. Vara þessi er í flestum tilfellum samsett úr gúmmíhólki sem festur er við járnundirstöðu. Lofti er dælt í eða úr gúmmíhólknum allt eftir þörfum hverju sinni. Járnundirstaðan er oftast en ekki með boltum eða skrúfgangi ætluðum til festingar í þau tæki eða vélar sem varan er ætluð til. Í einhverjum útfærslum er varan eingöngu úr gúmmí. Loftpúðar eru einungis berandi/fjaðrandi hluti fjöðrunarkerfis en halda ekki öxlum föstum í vagninum eða ökutækinu. Til þess eru svokallaðar stífur og bitar. Þá kemur enn fremur fram í gögnum að sumir loftpúðarnir hafa innbyggðan samsláttarpúða sem er innan í púðanum.

Við notkun er lofti dælt í púðana og ræðst loftþrýstingur af því álagi sem loftpúðinn verður fyrir vegna þyngdar vagns og hláss. Loftpúðinn myndar nokkurs konar stimpil þegar hann fjaðrar þannig að neðri hluti púðans gengur inn í þann efri. Eiginleikar gúmmís nýtast því þannig að neðri hlutinn flettist inn í efri hlutann. Gúmmíð sjálf er ekki hinn fjaðrandi hluti kerfisins heldur loftið inni í púðanum, enda ræðst stífleikinn af loftþrýstingnum inni í púðanum. Almennt hafa loftpúðar einfaldar festingar á endum, oft ekki nema einn skrúfbolta þar sem hann tekur ekki upp neitt álag/krafta nema í stefnu púðans. Þó má sjá í gögnum að sumir púðanna hafa meiri festingar eða allt að fjóra skrúfbolta sem ræðst af stærð púðans og þess burðar sem honum er ætlað að þola. Þá eru passandi festingar á öxlum, undirvagni eða fjaðrabúnaði þess tækis sem púðinn er ætlaður til.

Vara sú sem endurákvörðun tollstjóra tekur til er samsett vara úr gúmmí og málm og hefur virkni fjöðrunar sem stýrist af breytilegum loftþrýstingi. Það er því mat ríkistollanefndar að púðarnir teljast til fjöðrunarbúnaðar sem tilsniðinn sé til ákveðinnar notkunar í ökutæki og/eða vagna.

Ríkistollanefnd tekur hins vegar undir leiðréttingar tollstjóra hvað varðar uppruna vöru, nema hvað varðar útreikning dráttarvaxta sbr. úrskurðarorð.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og almennra reglna um túlkun tollskrár 1 og 6 er hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 45/2008 felldur úr gildi að hluta, þ.e. hvað tollflokkun varðar. Loftpúðar sem eru alfarið úr gúmmíi flokkast í tnr. 4016.9911 og til ökutækja í tnr. 4016.9925. Loftpúðar samsettir úr gúmmíi og málm og/eða öðrum efnum ætlaðir í fjöðrunarbúnað ökutækja tollflokkast í tnr. 8708.8000, til tengi-og festivagna í tnr. 8716.9009. Ríkistollanefnd staðfestir úrskurð tollstjóra hvað varðar leiðréttingu vegna uppruna vöru að öðru leyti en því að reikna ber dráttarvexti vegna endurákvarðaðra gjalda frá tilkynningu tollstjóra um fyrirhugaða endurákvörðun, þ.e. frá. 1. september 2008, sbr. 111. gr. nógildandi tollalaga nr. 88/2005 með áorðnum breytingum.